

Ályktun frá formannafundi SGS 23.-24. maí 2019

Ályktun vegna stýrivaxtalækkunar Seðlabankans

Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabankans frá 22. maí síðastliðinn þar sem stýrivextir voru lækkaðir um 0,5% er vonandi upphafið á langvarandi vaxtalækkunferli. Vaxtalækkun var ein af forsendum kjarasamnings sem félög innan Starfsgreinasambandsins ásamt fleiri félögum í verkalýðshreyfingunni undirrituðu nú í apríl.

Í vaxtalækkuninni felast mikilvægar kjarabætur til launafólks í landinu. Um leið og það er ítrekað að hér er vonandi bara fyrsta skrefið í vaxtalækkunum þá er það gríðarlega mikilvægt að bankar, fjármálastofnanir og aðrir lækki strax sína vexti og ávinningur skili sér til launafólks sem hefur skapað þessa möguleika.